



## **Fundargerð**

Haustfundar Innerwheel á Íslandi, haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum 28.okt.2023 kl. 14:00.  
Mættar voru 23 félagar úr 5 klúbbum, en engin mætti frá IW Kópavogi.

Umdæmisstjóri setti fund og lagði til að hún yrði sjálf fundarstjóri og Jóhanna ritari umdæmisins ritari og var það samþykkt. Síðan var tekin fyrir dagskrá skv. fundarboði.

- Umdæmisstjóri kannaði óformlega hug félaga til þess að umdæmisstjórn sæti í 2 ár í stað 1árs eins og lög gera ráð fyrir. Var um helmingur fylgjandi breytingum og það umdæmisstjóri konur að hugleiða þetta vel og ræða í sínum klúbbum.
- Umdæmisstjóri ræddi Alþjóðþingið í Manchester í maí á næsta ári. Enginn ennþá skráður frá Íslandi en áhugi virðist fyrir að taka þátt. Allar upplýsingar um þingið, kostnað og hvernig á að skrá sig má finna á heimasíðu okkar [innerwheel.is](http://innerwheel.is) og hvatti hún konur, sem hafa hug á að fara á þingið, að skrá sig þar og láta hana svo vita þegar því er lokið. Umdæmisstjóri mun kanna hagstæð flug þegar áætlanir um flug skýrast eftir áramótin og munu forsetar klúbbanna fá upplýsingar um það. Gaman væri ef þátttakendur væru t.d. í bolum merktum IW Íslandi.
- Nokkrar tillögur frá IW þinginu 26.4.2023, sem ekki tókst að afgreiða þá, voru nú teknar fyrir. Tillögurnar verða ekki endurteknar hér, heldur vísað í þær í fundargerð þingsins sem finna má á heimasíðu Innerwheel undir liðnum „[skjalasafn](#)“ og einungis hvernig afgreiðslu þær fá.

### **a) Félagatal Innerwheel.**

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að félagatal Innerwheel yrði hvorki vistað á Facebook né heimasíðu IW, heldur samþykkt að forsetar klúbbanna sendu ársskýrslur sínar, sem m.a. innihéldu fálagatal þeirra, á alla klúbba umdæmisins. Samþykkt samhljóða.

### **b) Geymsla gagna á Þjóðskjalasafni.**

Rætt um hvernig aðgang félagar hefðu að því að skoða gögnin ef skjölin vistast á safninu og munu klúbbar síðar fá upplýsingar um hvernig nálgast megi þau gögn. Tillaga um að færa gögn á Þjóðskjalasafn samþykkt með lófataki.

### **c) Alþjóða bréfitari/tengill.**

Miklar og fjörugar umræður voru um þetta málefni, m.a. að umdæmisstjórn hverju sinni sjái um að setja útdrátt af fréttum frá IIW, eða hlekk á fréttir og aðrar upplýsingar af heimasíðu IIW, inn á heimasíðu okkar. Að loknum umræðum var tillagan afgreidd þannig að EKKI væri þörf á að hafa starfandi alþjóða bréfitara/tengil. Samþykkt samhljóða.

### **d) Uppfærsla heimasíðu IW Ísland.**

Þessi vinna er þegar hafin í góðri samvinnu við vefstjóra, meðal annars eru fundargerðir umdæmistráðs og fundargerð þings IW frá apríl sl. komnar inn undir „[skjalasafn](#)“ Enn er þó eftir að vinna meira og uppfæra síðuna og verður þeirri vinnu haldið áfram.

### **e) Nefnd fyrir þingið í Manchester.**

Umdæmisstjóri hefur í heimsóknnum sínum í klúbba kynnt þingið og hvatt félagi til þátttöku. Virðist vilji til þess að konur bóki sig sjálfar og síðan mun umdæmisstjóri fá þátttökulista frá hverjum klúbbi fyrir sig og halda utanum þá lista. Allar upplýsingar um þingið er að finna á heimasíðu IW. Ekki er því þörf fyrir sérstaka nefnd að svo stöddu.

- Rætt um sameiginlegan fund í janúar, en hugmynd hafði komið upp að þessi fundur yrði aðeins fundur umdæmisstjóra og viðtakandi umdæmisstjóra með forsetum klúbbanna. Eftir umræður um málið var ákveðið að í ljósi þess að árið 2024 væru 100 ár frá því Alþjóða Innerwheel var stofnað væri ástæða til að hafa sameiginlegan fund í janúar. Ákveðið var því að sameiginlegur fundur klúbbanna yrði haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum laugardaginn 13.jan.2024. Fundurinn verður nánar boðaður þegar nær dregur.
- Rætt um tillögur til styrkveitinga og samþykkt að á fundi í janúar yrði peningum safnað meðal fundarkvenna til að styrkja fyrirfram ákveðið verkefni sem umdæmisstjóri, í samráði við sinn klúbb, tæki ákvörðun um. Verkefnið sem styrktinn fengi yrði kynnt í fundarboði janúarfundar.

**KAFFIHLÉ** – glæsilegt snittu- og tertuhlaðborð sem kostaði 4.900 á mann og borgaði hver fyrir sig

- Umdæmisstjóri hvatti til þess að klúbbar sendu félögum sínum, sem vegna aldurs eða annars, geta ekki lengur mætt á fundi, fallega jólakveðju t.d. vinátturós og fallett kort fyrir jólin.
- Ritari hvatti sér hljóðs og benti á hve erfitt væri víða að fjölga félögum í klúbbum og má í fundargerðum liðinna ára sjá að þetta hefur víða verið vandamál lengi. Erfitt reynist víða að fá konur í stjórn og klúbba til að stjórna umdæminu. Samkvæmt lögum IIW þarf 4 IW klúbba til að mynda sérstakt umdæmi, en á Íslandi eru nú 6 klúbbar og hefur fækkað um amk. 3 á undanförunum 1-2 áratugum. Þetta er áhyggjuefni sem þarf að bregðast við og benti hún á nokkur atriði til umhugsunar, m.a. samvinnu klúbba til að virkja fleiri til liðs.
- Samkvæmt dagskrá átti að vera skemmtiatriði, en sá sem ætlaði að sjá um það forfallaðist svo í staðin las umdæmisstjóri upp nokkur skemmtileg svör 11 ára nemenda á prófi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl.16:45

Jóhanna Róbertsdóttir

ritari